

Lús

Lúsín gerir alltaf vart við sig öðru hvoru og fer ekki í manngreinarálit. Það minnir okkur á að það er alltaf þörf á að kempa!

Screentime

Foreldrar eru minntir á að í nýrri uppfærslu stýrikerfisins á spjaldtölvum nemenda er að finna gagnlegar stillingar þar sem foreldrar geta haft aukna yfirsýn og stjórn á því hvernig spjaldtölvan er notuð. Á eftirfarandi slóð er að finna myndband þar sem þetta er útskýrt:

<https://vimeo.com/293958029>

Kæra skólasamfélag

Nóvember heilsar fremur kuldalega eins og von er og rétt að minna á að oft var þörf en nú er nauðsyn fyrir nemendur að muna eftir skjólgóðum fatnaði til útiverunnar sem alltaf er hluti af skólastarfinu. Annars gengur skólastarfið sinn vanagang og allt gott að fréttu úr skólanum. Framundan er nokkuð samfelld skólalota fram að jólafríi ef frá er talinn starfsdagur þann 19. nóvember. Fastir liðir í starfinu hjá okkur í nóvember eru m.a. dagur íslenskrar tungu og skólahreystimót á miðstigi og unglingastigi. Við vekjum svo athygli á vináttugöngunni sem fram fer þann 8. nóvember en hún er árlegur viðburður hjá okkur á baráttudegi gegn einelti. Þá vinna vinabekkir saman um morguninn og síðan safnast allir nemendur skólans saman ásamt elstu börnum nágrannaleikskólanna, genginn er hringur um Baugakór og endað í Kórnum þar sem farið er í leiki í nokkra stund. Lagt er af stað frá skólanum í Baugakór kl. 9:30 og eru foreldrar hvattir til að koma og taka þátt í þessu með okkur. Nemendur mæta á venjulegum tíma í skólann þennan dag en mikilvægt er að allir hafi með sér nesti þar sem vinabekkir gæða sér á nestinu sínu í sameiningu.

Töluvert er spurt eftir eftirlitsmyndavélamálum hjá okkur en af þeim er það að fréttu að nú er verið að bæta við þremur myndavélum til að ná betur að dekkja skólalóðina. Eftir áramót verður svo lokið við að setja upp fleiri myndavélar þannig að allt umhverfi skólans verði vaktað. Enn standa yfir framkvæmdir við nýja körfuboltavöllinn á skólalóðinni í Baugakór og er stefnt að því að hann verði tilbúinn um miðjan mánuðinn.

Með von um góðan og árangursríkan nóvembermánuð hjá öllum í skólanum og heima við!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Við minnum á galleríið á Facebook þar sem finna má myndir af ýmsum verkum nemenda í skólanum:

<https://www.facebook.com/gallerihorduvalla/>

Nemendur í valgrein á unglingastigi hafa nú sett í loftið vef sem hefur að geyma ýmsar fréttir úr skólastarfinu. Smellið á slóðina hér á eftir til að skoða vefinn: <https://zetabladid.wixsite.com/zetabladid>

Um bekkjakvöld

Mikilvægur þáttur í foreldrarstarfinu við skólann eru bekkjakvöldin þar sem nemendur og foreldrar koma saman og eiga skemmtilegar stundir. Í haust höfum við verið að ræða að brydda upp á því að sniðugt geti verið að bekkjakvöld séu haldin að kvöldi, eða í sömu viku og bekkir eru með atriði á samstundum. Þá geta nemendur sýnt atriði sín fyrir foreldrahópinn og svo hægt að eiga góða stund í framhaldinu. Við bendum foreldrum á að vera í sambandi við umsjónarkennara til að skoða þennan möguleika en dagsetningar samstundaratriða má sjá á atburðadagatali skólans á heimasíðunni:

<https://www.horduvallaskoli.is/is/skolinn/skoladagatal>

Breytingar á dagsetningum samræmdra prófa í 9. bekk

Menntamálastofnun hefur tilkynnt um breytingar á dagsetningum samræmdra prófa í 9. bekk sem fram fara í mars. Nýjar dagsetningar eru eftirfarandi:

11. mars, mánudagur - íslenska

12. mars, þriðjudagur - stærðfræði

13. mars, miðvikudagur - enska

Þemaverkefni í samfélagsfræði og myndband um fátækt

Undanfarnar vikur hafa nemendur í unglingadeild skólans verið að vinna í samvinnuverkefnum í tengslum við samfélagsfræði. Þeir fengu að velja á milli sex



verkefna en það voru fátækt, réttindi minnihlutahópa, hlýnun jarðar, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, tæknipróun (áhrif á manninn) og jafnrétti og lýðræði. Nemendur höfðu að mestu frjálsar hendur hvað varðar útfærslu á verkefnum og sem skilaði sér í mikilli fjölbreytni þegar kom að kynningum. Í skilaverkefnum var rappað, búin til dagblöð, sýnd viðtöl (m.a. við bæjarstjóra Kópavogs), búin til myndbönd, listaverk, spil og margt fleira.

Sem dæmi um verkefni má nefna að fjórir nemendur í 10. bekk sem gerðu spil um jafnréttismál hafa fengið styrk til að gefa spilið út. Spilið er byggt á verkefni um lýðræði og jafnrétti og er í því að finna fjölmargar spurningar sem tengjast efninu. Við fengum líka m.a. vandað myndefni sem við getum nýtt í kennslu um gróðurhúsaáhrifin og svo voru nokkrir nemendur í 8. bekk sem sýndu okkur áhrifaríkt myndband um fátækt sem má sjá hér: <https://youtu.be/Pztw0jOi04g>



Munið foreldraröltið

Upplýsingar um skipulag þess er að finna á heimasíðu skólans

<http://www.horduvallaskoli.is/is/foreldrar/foreldrarolt/>

Röltvaktir í nóvember eru sem hér segir:

2.nóv.18	6.HH
9.nóv.18	6.L
16.nóv.18	6.S
23.nóv.18	7.G
30.nóv.18	7.M

Foreldrar—munið útivistartímann!

Söngvarakeppni

Árlega höldum við söngvarakeppni þar sem nemendur í 4.-7. bekk taka þátt og láta ljós sitt skína. Núna fór keppnin fram í október, þátttaka var prýðileg og nemendur stóðu sig sem sóma. Eins og oft áður stóð dómnefnd frammi fyrir erfiðu verkefni en að lokum fór það svo að í efsta sæti varð Hrafnhildur Freyja Einarsdóttir í 7.M, í öðru sæti varð Vilhjálmur Árni Sigurðsson í 5.A og í þriðja sæti varð Kristín Þóra Helgadóttir í 5.G. Til hamingju með þennan frábæra árangur!

TUFF í Kópavogi

Kópavogsbær hefur í samstarfi við alþjóðlegu samtökin TUFF (The Unity of Faiths Foundation) ákveðið að taka þátt í þriggja mánaða átaksverkefni í Kópavogi. TUFF hefur skipulagt slík verkefni víðsvegar í London frá 2013, í samstarfi við breska innanríkisráðuneytið, á Indlandi og Ástralíu.

TUFF Ísland framkvæmdi tilraunaverkefni í Breiðholti sem hófst í nóvember 2017 með góðum árangri og mun vinna með íþróttafélaginu KR á næstunni. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, er verndari TUFF Ísland.

Markmiðið með TUFF verkefninu er að auka þátttöku ungmenna á aldrinum 6–15 ára í íþrótt- og tómstundastarfi. Sérstaklega er litið til þess að tryggja að börn af erlendum uppruna sem nýflutt eru í samfélagið verði virkir þátttakendur. Í gegnum tómstundir og íþróttir er markvisst unnið að því að styrkja sjálfsmynd barna og ungmenna og kenna viðurkennd gildi íslensks samfélags, grunnréttindi og skyldur.

TUFF Kópavogur verður rekið á vegum Kópavogsbæjar með nánú samstarfi við alla lykilaðila í bæjarfélaginu svo sem íþróttafélög, tónlistarskóla, dansskóla, grunnskóla, frístundir, félagsmiðstöðvar og hverfisstöð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í Kópavogi. Verkefnahópur þessara aðila, leiddur af fulltrúum Kópavogsbæjar, hittist reglulega og stýrir framgangi verkefnisins. Verkefnið er opið öllum nemendum á grunnskólaaldri til þátttöku.

Átaksverkefnið mun leggja áherslu á að tengja alla framangreinda aðila með það fyrir augum að íþróttir og tómstundir verði hluti af þverfaglegri samþættingu úrræða fyrir börn og ungmenni. Verkefnið mun samræmast og styðja við annað starf sem þegar er í Kópavogi.

Eftirfarandi aðilar hafa lýst sig reiðubúna að styðja við verkefnið eftir því sem kostur gefst:

KSÍ, ÍSÍ, breska sendiráðið og ríkislögreglustjóri.

Dr Shamender Talwar, fulltrúi TUFF veitir verkefninu ráðgjöf í 8 vikur og leiðbeinir þjálfurum, kennurum og þátttakendum. Hann mun svo fylgja verkefninu eftir og heimsækja 2-3 sinnum á næstu 2 mánuðum þar á eftir. Í lokin mun verkefnahópurinn skila samantekt um verkefnið til bæjarstjóra.

Verkefnið hefur þegar verið kynnt fyrir kennurum skólans en nemendur í Hörðuvallaskóla munu fá kynningu á verkefninu miðvikudaginn 7. nóvember nk.





Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
28.	29. Ofnbakaður lax í kórí- anderlime marineringu, m/ soðnum kartöflum og hvitlaukssósu. Salat- bar og ávextir.	30. Kjötfarsbollur m/ hvít- káli, bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	31. Ungversk gúlassúpa m/ nautagúllasi, grænmeti og grófu brauði. Ávextir. Íþróttamót á miðstigi	1. Ýsa í orly m/ brúnum hrisgrjónum og súrsætri sósu. Salatbar og ávextir	2. Grænmetislasagna m/ grófu snittubrauði. Salat- bar og ávextir.	3.
4.	5. Þorskur í KFC m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	6. Sænskar hakkbollur m/ kartöflumús, brúnni sósu og týtuberjasultu. Salatbar og ávextir.	7. Heitur pastaréttur m/ heilhveitipastaskrúfum, beikoni, grænmeti og ostasósu. Ávextir.	8. Gufusoðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. Baráttudagur gegn einelti	9. Úrbeinuð kjúklingalæri í kolakryddi m/ brúnum hrisgrjónum. Salatbar og ávextir.	10.
11.	12. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir.	13. Grísastrimlar (lærakjöt) m/ brúnum hrisgrjónum og súr- sætri sósu. Salatbar og ávextir.	14. Mexíkósk súpa m/ kjúklingi, grænmeti, tortillaflögum, rifnum osti og sýrðum rjóma. Ávextir.	15. Heimalagaður ofn- bakaður þorskur í karrý- sósu m/ brúnum hrisgrjónum. Salatbar og ávextir.	16. Lambasnitsel (lærakjöt raspað) m/ kaldri bern- aisesósu og soðnum kart- öflum. Salatbar og ávextir. Dagur isl. tungu	17.
18.	19. STARFSDAGUR Frístund opin	20. Kínverskar núðlur m/ kjúklingi, eggjum og grænmeti. Ávextir. Dagur mannréttinda barna	21. Hrisgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsinum, lifrapylsu og blóðmör. Ávextir.	22. Ostafylltar fiskisteikur m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	23. Nautahakk, linsur og heil- hveitipastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	24.
25.	26. Léttsaltaður þorskur m/ smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	27. Rjómalögud blómkáls- súpa m/ brauði og tún- fisksalati / osti og gúrkur. Ávextir.	28. Bláberjaskyr m/ rjóma- blandi og heilhveiti- brauð m/ spægipylsu / skinku og smjöri. Ávextir.	29. Heimalagaður plokk- fiskur m/ rúgbrauði og smjöri. Salatbar og ávextir.	30. Íslensk kjötsúpa m/ lambagúllasi, rófum, gul- rótum, lauk, hvítkáli, kartöflum og íslensku bankabyggi. Ávextir. Íþróttamót á ungl.stigi	1. des

Muna:

- Allir þurfa að koma með nesti á vináttudaginn - 8. nóvember
- Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!

Útivistartíminn frá 1. september: Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðs-samkomu.